

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir húsgögn	Útgáfa 1.0	Síða 1 af 5
Dagsetning 2005-04-20		

Umhverfisskilyrði fyrir húsgögn

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila

Þessi skilyrði eiga við skrifstofuhúsgögn og innréttingar hvort heldur sem þau eru laus eða veggföst. Auk skrifstofuhúsgagna er hægt að nota skilyrðin fyrir skólahúsgögn eða húsgögn á leikskólum, elliheimilum, hjúkrunarheimilum eða öðrum opinberum stofnunum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að skilyrðin ná ekki yfir atriði eins og hönnun og endingartíma húsgagnanna. Slíkir þættir eru yfirleitt skilgreindir þegar notkunareiginleikar húsgagnanna eru ákvarðaðir. Þessi atriði eru engu að síður mikilvægir umhverfisþættir.

ATH! Fjarlægið þennan texta áður en umhverfisskilyrðin eru send til tilboðsgjafa.

Upplýsingar um tilboðsgjafa

Tilboðsgjafi, fyrirtæki:

Tengiliður í umhverfismálum

Nafn:

Sími:

Svörin eiga við eftirfarandi vörur:

Umhverfisskilyrði

Skilyrðunum er skipt í þrjá flokka:

- Lágmarksskilyrði tengd þeim vörum sem verið er að bjóða út.
- Matsskilyrði
- Samningsskilyrði, eru meðfylgjandi

Vottorð um hvort vörurnar uppfylli umhverfisskilyrðin á einungis að senda inn fari #Ríkiskaup# fram á það.

Vottorðin á að vera hægt að rekja til þeirra vara sem útboðið fjallar um og á að vera undirritað af aðila með heimild til þess. Með vottorði er til dæmis átt við vottorð óháðs þriðja aðila, svo sem umhverfismerki í samræmi við ISO 14024, umhverfisvörulýsingu - EPD¹ í samræmi við ISO 14025, eigin yfirlýsingu í samræmi við ISO 14021 eða önnur vottorð sem álitin eru sambærileg.

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir húsgögn	Útgáfa 1.0	Síða 2 af 5
Dagsetning 2005-04-20		

#Ríkiskaup# áskilur sér, hvenær sem er á samningstímabilinu, rétt til að fara fram á vottorð sem staðfest geta að vörurnar sem þetta útboð nær yfir uppfylli þau skilyrði sem skilgreind eru í þessu skjali.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Tilgangurinn með þessu er sá að hægt sé að fara fram á vottorð hvenær sem er á samningstímabilinu eða þegar samningurinn eða niðurstöður hans eru metnar í lok samningstímabilsins og nýtt útboð er í undirbúningi.

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

A. Lágmarksskilyrði tengd þeim vörum sem verið er að bjóða út

Öll skilyrði undir lið A skal fullnægt annars er tilboðinu vísað frá.

A.1 Allt plast og bólstur á að vera án eldtefjandi efnanna PBDE, PBB og paraffín sem inniheldur klór.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila. Sem staðfestingu á að skilyrðinu sé fullnægt er hægt að fara fram á vottorð frá framleiðanda/söluaðila eða ef við á, Svansleyfi fyrir húsgögn og innréttingar nr. 2.2 eða síðari útgáfu viðmiðunarreglna Svansins.

Ath. Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

A.2 Húsgögnin mega ekki innihalda plast sem blýi hefur verið bætt í.

Varan er hvorki bólstruð né inniheldur plast.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila

Vottorð: Svansleyfi samkvæmt viðmiðunarreglum fyrir húsgögn og innréttingar nr 2.2 eða síðari útgáfu, vottorð frá framleiðanda húsgagnanna eða vottorð frá þeim birgi sem framleiddi plasthlutana.

ATH! Fjarlægið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa.

A.3 Vefnaðarvara (textíll) á ekki að hafa verið meðhöndluð með eftirfarandi eldtefjandi efnunum:

Eldtefjandi efni með halógenum eins og til dæmis PBB, PBDE og klórparaffín

Antimon

Kalíumhexafluorozirkonat

Kalíumhexafluorotitanat

Varan inniheldur engan textíl.

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir húsgögn	Útgáfa 1.0	Síða 3 af 5
Dagsetning 2005-04-20		

Upplýsingar til innkaupaaðila. Vottorð um að textill innihaldi ekki þessi efni geta verið vottorð frá textílframleiðanda eða að húsgögnin séu merkt Svaninum eða vefnaðarvörurnar merktar annað hvort Svaninum eða EU blóminu.

ATH! Fjarlægjð þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

A.4 Varan á að vera laus við krómaða hluti með undantekningu fyrir smáhluti eins og til dæmis lamir, hjarir, skrúfur og tappar.

Íhlutir vörunnar hafa ekki verið yfirborðsmeðhöndlaðir eða húðaðir (Ytbehandla).

Upplýsingar til innkaupaaðila: Vottorð frá húsgagnaframleiðanda eða húsgögnin eru Svansmerkt

ATH! Fjarlægjð þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

A.5 Allar umbúðir eiga að vera án PVC plasts.

Eru öll ofangreind lágmarksskilyrði uppfyllt?

Já

Nei

Séu lágmarksskilyrði ekki uppfyllt er tilboðinu vísað frá.

B. Matsskilyrði

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila.

Matsskilyrði sem eru kynnt hér geta verið hluti af matslíkani innkaupaaðila. (+) þýðir að svarmöguleikinn er jákvæður fyrir umhverfið. Almennt er skalinn frá einum (+) til þriggja plúsa (+++). Innkaupaaðilinn þarf síðan að aðlaga plúsana að eigin stigakerfi.

ATH! Fjarlægjð þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa

B.1 Er allt plast í húsgögnunum merkt samkvæmt ISO 11469 eða sambærilegu?

Já (+)

Nei

Húsgögnin innihalda enga plasthluti

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir húsgögn	Útgáfa 1.0	Síða 4 af 5
Dagsetning 2005-04-20		

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila

Vottorð: Svansleyfi samkvæmt viðmiðunarreglum fyrir húsgögn og innréttingar nr.3.1 eða síðariútgáfu, vottorð frá framleiðanda húsgagnanna eða vottorð frá þeim birgi sem framleiddi plasthlutana.

ATH! Fjarlægjð þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa.

C. Samningsskilyrði

Þessi skilyrði eru ekki notuð þegar tilboðin eru metin og því ekki lágmarks- eða matsskilyrði. Þetta eru hins vegar skilyrði sem tengjast framkvæmd kaupsamningsins og verða skrifuð inn í kaupsamninginn þegar búið er að meta hagkvæmasta tilboðið

C.1 Húsgögnum og innréttingum á að skila samsettum og tilbúnum til notkunar á þeim stað sem kaupandinn tilgreinir. Birginn er skyldugur að taka tilbaka gömul notuð húsgögn og/eða allar umbúðir eftir að húsgögn eða innréttingar hafa verið afhent, óski kaupandi þess.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila

Förgun umbúða hefur beinan og óbeinan kostnað í för með sér. Kostnaðurinn getur verið margþættur: vinnutími starfsfólks við að losna við umbúðirnar, flutningskostnaður eða sorphirðukostnaður. Að gera birginn ábyrgan fyrir umbúðunum skapar hvata fyrir hann að minnka magn umbúða.

ATH! Fjarlægjð þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa.

C.2 Birginn verður að vera reiðubúinn til að undirbúa innleiðingu rafræna viðskipta á samningstímabilinu óski #Ríkiskaup# þess. Með rafrænum viðskiptum er átt við verðlista á rafrænu formi, rafrænt pöntunarkerfi, rafræna reikninga og rafræn innkaupakort.

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila

Þetta skilyrði er fyrst og fremst til hagræðingar fyrir #Ríkiskaup#. Út frá umhverfissjónarmiði fjallar skilyrðið aðallega um að minnka pappírnotkun og flutning á pappír frá einum stað til annars.

ATH! Fjarlægjð þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa.

C.3 Söluaðili (birgir) á að vinna að umhverfisstjórnun á kerfisbundinn máta innan ramma umhverfisstjórnunarkerfis. Fyrirtækið þarf að hafa markað sér umhverfisstefnu, sett sér umhverfismarkmið og aðgerðaráætlun til að ná þessum markmiðum. Birginn á einnig að hafa einn aðila sem er ábyrgur fyrir umhverfismálum hjá fyrirtækinu og tengiliður við #Ríkiskaup#.

Sé birginn ekki með virkt umhverfisstjórnunarkerfi við gerð þessa samnings þá verður hann að byrja að vinna að umhverfismálum innan eins árs frá undirritun samningsins.

Skjal Umhverfisskilyrði fyrir húsgögn	Útgáfa 1.0	Síða 5 af 5
Dagsetning 2005-04-20		

Upplýsingar fyrir innkaupaaðila

Þetta skilyrði á ekki að útiloka neinn birgi þar sem hann þarf ekki að vera að vinna að umhverfismálum þegar samningurinn er undirritaður. Markmiðið er einungis að búa birginn undir það að umhverfisþættir verða mikilvægari í framtíðinni sem auðveldar #Ríkiskaupum# að vinna með birginum að umhverfismálum ef #Ríkiskaup# telur það mikilvægt. Þetta vekur aukna umhverfisvitund sem auðveldar #Ríkiskaupum# að vinna að eða setja umhverfisskilyrði í framtíðinni..

ATH! Fjarlægjið þennan texta áður en skilyrðin eru send til tilboðsgjafa.

Athugasemdir

ⁱ Með EPD er átt við vörulýsingu framleiðanda um umhverfiseiginleika vörunnar. EPD er skammstöfun á enska hugtakinu "Environmental Product Declaration". ISO/TR 14025:2000 staðallinn nær meðal annars yfir EDP. Nánari upplýsingar um EPD er meðal annars að finna á www.gednet.org og á www.environdec.com